



Skráningarlýsing skuldabréfa



Hitaveita Rangæinga

1. flokkur 2003

Desember 2003



YFIRLÝSINGAR

YFIRLÝSING ÚTGEFANDA

Fyrir hönd Hitaveitu Rangæinga, kt. 450382-0199, Eyjasandi 9, 850 Hellu, lýsir stjórnarformaður því hér með yfir, að eftir bestu vitund er skráningarlýsing þessi í fullu samræmi við staðreyndir. Skráningarlýsingin er gerð skv. 4. gr. viðauka IV. við reglugerð nr. 434/1999 um opinbera skráningu verðbréfa í kauphöll.

Reykjavík, 22. desember 2003
f.h. Hitaveitu Rangæinga



Ágúst Ingi Ólafsson, kt. 020149-3539
stjórnarformaður

YFIRLÝSING UMSJÓNARAÐILA

Íslandsbanki hf. (Íslandsbanki), kt. 550500-3530, Kirkjusandi, 155 Reykjavík, hefur samið skráningarlýsingu þessa í samráði við stjórnendur Hitaveitu Rangæinga og endurskoðendur hennar.

Íslandsbanki hefur aflað þeirra gagna frá Hitaveitu Rangæinga sem talin voru nauðsynleg til að gefa rétta mynd af hitaveitunni. Eftir bestu vitund er skráningarlýsing þessi í fullu samræmi við staðreyndir. Skráningarlýsingin er gerð skv. 4. gr. viðauka IV. við reglugerð nr. 434/1999 um opinbera skráningu verðbréfa í kauphöll.

Reykjavík, 22. desember 2003
f.h. Íslandsbanka hf.



Örn Gunnarsson, kt. 181168-3159
forstöðumaður fyrirtækjapróunar



Sólveig Ágústsdóttir, kt. 250574-5929
fyrirtækjapróun

YFIRLÝSING ENDURSKOÐENDA

Við undirritaðir endurskoðendur Hitaveitu Rangæinga, Deloitte & Touche, kt. 521098-2449, Stórhöfða 23, 110 Reykjavík, höfum áritað, án fyrirvara ársreikning Hitaveitu Rangæinga fyrir árið 2002. Við staðfestum að upplýsingar í skráningarlýsingunni, sem varða tilvitnuð reikningsskil, eru í samræmi við þau og að reikningarir eru í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju.

Reykjavík 22. desember 2003
f.h. Deloitte & Touche hf.



Sigurður P. Sigurðsson, kt. 240456-3039



Kristín S. Konráðsdóttir, kt. 301068-3019

ÚTGEFANDI

ÚTGEFANDI

Hitaveita Rangæinga, kt. 450382-0199, Eyjasandi 9, Hellu.

Starfsemi

Hitaveitan starfar eftir reglugerð fyrir Hitaveitu Rangæinga nr. 632/1982 og stofnsamningi um Hitaveitu Rangæinga. Verkefni hitaveitunnar er að sjá um gerð og rekstur hitaveitu á veitusvæði sínu.

HEIMILD OG TILGANGUR

Hitaveita Rangæinga samþykkti skuldabréfaútgáfu þessa að fjárhæð 300.000.000 kr. á fundi sínum hinn 13. júní 2003. Fjármagnið er ætlað til endurfjármögnunar skammtimalána sem tekin voru vegna framkvæmda hitaveitunnar. Flokkurinn er lokaður. Tilgangur skráningar í Kauphöll Íslands (Kauphöllin) er að auðvelda viðskipti með skuldabréfin.

SKRÁNING

SKRÁNING

Kauphöllin hefur samþykkt að taka skuldabréf Hitaveitu Rangæinga, 1. flokk 2003, á skrá og verða þegar útgefin og seld bréf, samtals að nafnverði kr. 300.000.000, skráð 29. desember 2003, enda verði öll skilyrði skráningar uppfyllt.

UMSJÓNARAÐILI OG MILLIGANGA VEGNA SKRÁNINGAR

Íslandsbanki hf., kt. 550500-3530, Kirkjusandi, 155 Reykjavík, sími: 440-4000, netfang www.isb.is.

VIÐSKIPTAVAKT

Engin viðskiptavakt er tengd skuldabréfaútgáfu þessari.

SÖLUFYRIRKOMULAG**SÖLUADILI**

Íslandsbanki, Kirkjusandi, 155 Reykjavík.

FYRIRKOMULAG SÖLU

Skuldabréfin voru seld til fagfjárfesta í lokuðu útboði.

SÖLUTRYGGING

Útboðið var sölutryggt af Íslandsbanka hf.

SÖLUTÍMI OG AFHENDING

Skuldabréf að fjárhæð 300.000.000 kr. að nafnverði voru seld hinn 24. júlí sl. og afhent gegn staðgreiðslu.

SKILMÁLAR SKULDABRÉFANNA**ÚTGÁFUDAGUR**

Útgáfudagur skuldabréfanna var 23. júlí 2003.

NAFNVERÐ OG LÁNSTÍMI

Þegar hafa verið gefin út og seld skuldabréf fyrir kr. 300.000.000 að nafnverði. Skuldabréfin eru til 25 ára með lokagjalddaga 15. desember 2028. Skuldina ber að endurgreiða með 40 jöfnum afborgunum á sex mánaða fresti, 15. júní og 15. desember ár hvert, í fyrsta sinn 15. júní 2009.

VEXTIR

Af höfuðstól skuldarinnar eins og hann er á hverjum tíma greiðast 5,9% fastir vextir, sem reiknast frá 23. júlí 2003. Vexti ber að greiða á 6 mánaða fresti, í fyrsta sinn 15. desember 2003.

UPPGREIÐSLUHEIMILD

Engin uppgreiðsluheimild er í skuldabréfunum.

VERÐTRYGGING

Skuldabréfin eru bundin vísitölu neysliverðs, sem reiknuð er og birt af Hagstofu Íslands, skv. lögum nr. 12/1995, með grunnvísitölu í júlí 2003 sem er 226,8 stig. Höfuðstóll skuldarinnar breytist í hlutfalli við breytingar á vísitölunni frá grunnvísitölu til fyrsta gjalddaga vaxta og síðan í hlutfalli við breytingar á vísitölunni milli síðari vaxtagjalddaga og gjalddaga afborgana þegar þær hefjast. Skal höfuðstóll skuldarinnar breytast á hverjum gjalddaga, áður en vextir og afborgun eru reiknuð út. Afborganir eru reiknaðar þannig, að á hverjum gjalddaga er verðbótum bætt við höfuðstól skuldarinnar og síðan er deilt í útkomuna með þeim fjölda gjalddaga, sem þá eru eftir, að meðtöldum þeim gjalddaga, sem greiða á í það skiptið.

EININGAR OG AUÐKENNI

Einingar skuldabréfanna eru kr. 10.000.000. Alls hafa verið gefin út 30 skuldabréf sem númeruð eru með hlaupandi númerakerfi frá 1 til og með 30. Auðkenni skuldabréfanna er HVR 031 og ISIN auðkenni IS0000008894.

ÁVÖXTUNARKRAFA

Ávöxtunarkrafa skuldabréfanna á fyrsta söludegi var 5,9% og sölugengi 1,0076. Ávöxtunarkrafa og sölugengi ákvarðast af markaðsaðstæðum á hverjum tíma. Upplýsingar um ávöxtunarkröfu og gengi skuldabréfanna hverju sinni er hægt að nálgast hjá markaðsviðskiptum Íslandsbanka, Kirkjusandi, 155 Reykjavík.

ANDVIRÐI AÐ FRÁDREGNUM KOSTNAÐI

Andvirði skuldabréfaútbóðsins að frádregnum öllum kostnaði var um 295 m.kr.

TRYGGINGAR OG RÉTTINDI

Engar hömlur eru á endursölu skuldabréfanna. Engin hlunnindi eru tengd skuldabréfunum. Hitaveita Rangæinga ábyrgist skilvísu og skaðlausa endurgreiðslu bréfanna með heildareignum sínum. Rangarþing ytra, kt. 520602-3050, Rangarþing eystra, kt. 470602-2440 og Áshreppur, kt. 430169-0339 bera óskipta ábyrgð (in solidum) á skuld skv. skuldabréfunum, sbr. yfirlýsing sveitarfélaganna þar um dags. 21. júlí 2003. Yfirlýsinguna má nálgast hjá Íslandsbanka hf., Kirkjusandi, Reykjavík. Engin forkaupsréttarákvæði fylgja útgáfu skuldabréfanna.

GREIÐSLUSTAÐUR

Greiðslustaður er hjá Hitaveitu Rangæinga, kt. 450382-0199, Eyjasandi 9, Hellu og getur kröfuhafi vitjað greiðslu gegn framvísun skuldabréfsins. Einnig er heimilt að fela Íslandsbanka eða annarri fjármálastofnun bréfið til innheimtu enda sendi viðkomandi Hitaveitu Rangæinga greiðslutilkynningu þar sem fram kemur auðkenni og númer skuldabréfsins.

VIÐTÖKUDRÁTTUR OG VANSKIL

Verði greiðslu ekki vitjað til Hitaveitu Rangæinga á réttum gjalddaga mun hitaveitan hvorki greiða vexti, dráttarvexti né verðbætur frá gjalddaga til þess dags sem greiðslunnar er vitjað.

Verði um vanskil skuldara að ræða á greiðslu afborgana eða vaxta af skuldabréfunum er heimilt að fella alla skuldina í gjalddaga fyrirvaralaust og án uppsagnar. Ber þá að greiða dráttarvexti í samræmi við ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma um grunn dráttarvaxta og vanefndaálag, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, af gjaldfallinni eða gjaldfelldri upphæð samkvæmt framanrituðu. Sama gildir ef bú einhvers af eigendum skuldara, Rangárþing ytra, Rangárþing eystra eða Ásahreppur verður svipt fjárforræði skv. 76. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

Þegar skuldin er fallin í gjalddaga samkvæmt framansögðu, má gera aðför hjá skuldara til fullnustu skuldarinnar án undangengins dóms eða réttarsáttar skv. 7. tl. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1989 um aðför. Auk þess að ná til höfuðstóls skuldarinnar, nær aðfararheimild þessi til vaxta, verðbóta, dráttarvaxta, kostnaðar af kröfu, málskostnaðar eða innheimtukostnaðar, endurgjaldskostnaðar af gerðinni sjálfri og væntanlegs kostnaðar af frekari fullnustuaðgerðum.

FRAMSAÐ OG FRAMSAÐSTILKYNNING

Við eigendaskipti á skuldabréfinu skal það framselt til nafngreinds aðila. Framsal til nýs eiganda skal skráð á bakhlið skuldabréfsins með nafni, kennitölu, og heimilisfangi, auk kaupverðs og framsaldags. Ef röð framsala er rofin verður skuldabréfið ekki innlest nema handhafi leiði fullar sönnur á eignarheimild sína.

FYRNING

Höfuðstóll skuldabréfanna fyrnist á tíu árum frá gjalddaga skv. 4. gr. laga nr. 14/1905 um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda. Vextir skuldabréfanna fyrnast á fjórum árum frá gjalddaga skv. 3. gr. sömu laga.

SKATTAR

Samkvæmt núgildandi skattalögum teljast bréfin til eignarskattstofns hjá einstaklingum og lögaðilum. Um skattalega meðferð bréfanna fer eftir gildandi skattalögum á hverjum tíma. Skuldabréfin eru stimpilskyld og hefur Hitaveita Rangæinga greitt stimpilgjaldið. Utgefandi ábyrgist ekki að staðgreiðsluskatti af vaxtagreiðslum skuldabréfanna sé skilað til ríkissjóðs, samanber 1. mgr. 3. gr. laga nr. 94/1996 um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur.

ÁGREININGUR

Rísi mál út af skuldabréfunum má reka það fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur, skv. ákvæðum 17. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

UPPLÝSINGAR

UM ÚTGEFANDA

Hitaveita Rangæinga var stofnuð árið 1981. Stofnendur voru Rangárvallahreppur, Hvolhreppur og Holtahreppur. Eigendur hitaveitunnar í dag eru sveitarfélögin Rangárþing ytra, Rangárþing eystra og Ásahreppur. Um starfsemi veitunnar gildir reglugerð fyrir Hitaveitu Rangæinga nr. 632/1982 og samningur frá 13. nóvember 1981 milli stofnenda veitunnar. Tilgangur veitunnar samkvæmt stofnsamningi er að virkja jarðhita og aðra orkugjafa til húshitunar og annarra nota á félagssvæði hitaveitunnar svo og víðar eftir því sem ákveðið kann að verða. Enn fremur er félaginu ætlað að leggja aðveituæðar frá virkjunarstað (-stöðum), leggja dreifikerfi og annast sölu á heitu vatni til notenda.

FJÁRHAGSUPPLÝSINGAR

Rekstrartekjur Hitaveitu Rangæinga voru um 128 m.kr. á fyrri hluta ársins 2003 en um 90 m.kr. á árinu 2002. Inni í rekstrartekjum á fyrri hluta ársins 2003 eru tjónabætur 90 m.kr. sem er óreglulegur liður. Rekstrargjöld án afskrifta námu 34 m.kr. á fyrstu sex mánuðum ársins 2003 en 37 m.kr. allt árið 2002. Hagnaður á fyrstu sex mánuðum ársins 2003 nam 78 m.kr. en um 3 m.kr. allt árið 2002.

Heildareignir Hitaveitu Rangæinga námu 559 m.kr. í lok júní 2003 en 639 m.kr. í árslok 2002. Eigið fé var 165 m.kr. í lok júní 2003 en 114 m.kr. í lok árs 2002. Langtímaskuldir ásamt næsta árs afborgunum voru 380 m.kr. í lok júní 2003 en 433 m.kr. í árslok 2002 og skammtímaskuldir voru 15 m.kr. í lok júní 2003 og 92 m.kr. í árslok 2002.

Árshlutareikningur vegna tímabilsins janúar-júní 2003 er óendurskoðaður og hefur ekki verið kannaður.

UPPLÝSINGAR OG GÖGN

Skráningarlýsing og önnur gögn sem vísað er til í skráningarlýsingu þessari liggja frammi hjá Íslandsbanka, Kirkjusandi, 3. hæð, 155 Reykjavík, netfang www.isb.is



ÍSLANDBANKI